

## 14. fundur Fötlunarráðs Norðurbings

Miðvikudaginn 12. maí 2021, kl. 14:00 – 16:00 í Stjórnsýsluhúsinu

Mættir eru: Sigríður Hauksdóttir, Jóna Rún Skarphéðinsdóttir, Arna Þórarinsdóttir, Karólína K. Gunnlaugsdóttir, Einar Víðir Einarsson, Ásta Magnúsdóttir og Hermína Hreiðarsdóttir.

1. **Aðgengismál í bænum – Sigga segir frá stöðunni hér innanhúss.**
  - Farið yfir stöðuna á að ráða aðgengisfulltrúa. Fötlunarráðið fagnar því að slíkur fulltrúi verði ráðinn.
2. **Hugsanlegt hópastarf fyrir börn af ýmsu tagi – Kiddi Lúlla hefur fengið boð á fundinn til að ræða þennan lið.**
  - Kristinn Lúðvíksson forstöðumaður frístundarstarfs komst ekki á fundinn. Hafa verður í huga að það frístundarstarf sem í boði er á vegum sveitarfélagsins taki mið af þörfum mismunandi hópa hvað varðar fjölbreytileika í starfinu sem og í fræðslu og leik. Ráðið vísar þessum lið til fjölskylduráðs.
3. **Verðhækkun í Miðjunni – Hróðný Lund félagsmálastjóri sat fundinn undir þessum lið.**
  - Rædd var verðhækkun í Miðjunni og fengin skýring á henni.
4. **Hver er staðan á skipulagi á þjónustu í sumar þegar fastir starfsmenn fara í sumarfrí – Hróðný Lund félagsmálastjóri sat fundinn undir þessum lið.**
  - Reynt verður að koma í veg fyrir að þjónustan falli niður vegna leyfa fastráðinna starfsmanna.
5. **Rannsókn sem nær til fatlaðs fólks og hvernig því líður á tímum covid – Sigga segir frá.**
  - Lagt fram til kynningar.
6. **Skýrsla um framkvæmd Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og kynningarfundur um hana**
  - Byrjað að fara yfir skýrsluna sem tekur á mörgum þáttum varðandi réttindi fatlaðs fólks.
7. **Vorráðstefna GRR – Sigga segir frá helstu þáttum.**
  - Sigga kynnti erindi sem voru á Vorráðstefnu GRR., t.d. leikni.is
8. **Nýtt fötlunarráð eftir næstu sveitastjórnarkosningar – Jóna og Sigga segja frá.**
  - Næstu sveitarstjórnarkosningar eru sumarið 2022, þá verður skipað nýtt fötlunarráð. Sumir eru tilnefndir af stjórnaráflökum, aðrir af hagsmunasamtökum fatlaðra.
9. **Önnur mál.**